

Brottfall laga um heiðurslaun listamanna

50. mál, lagafrumvarp
154. löggjafarþing 2023–2024.

Umsög Félags Leikstjóra á Íslandi:

Heiðurslaun Listamanna eiga sér nær 100 ára sögu allt frá því að Matthías Jochumson og Torfhildur Hólm fengu þau fyrst.

Heiðurslaun eru mikilvæg sem vottur um virðingu og verðmæti listamanna og kvenna í samfélaginu. Kostnaður við launin er hverfandi, við útreikning þeirra er tekið tillit til annarra tekna, eftirlauna og innkomu annars eðlis og eru þá launin yfirleitt að öllu leyti víkjandi, en heiðurinn hefur mikið táknrænt gildi fyrir listamennina sjálfa og samfélagið í heild.

Heiðurslaun eru virðingar og heiðursvottur fyrir framlag til menningarlífs þjóðarinnar, áminning um þau ómetanlegu verðmæti sem listamenn geta skapað þjóð sinni með störfum sínum, það er helsti samfélagslegi ávinningur þeirra og sá ávinningur er mikils virði til eflingar lista og menningarlífs í landinu og fyrir viðkomu þjóðarinnar og sjálfsmynd.

Það er ekki rétt að hlutlægt mat á störfum listamanna liggi ekki fyrir, það hefur einfaldlega verið hundsáð. Sú nefnd sem sér um úthlutun heiðurslauna, Allsherjar og menntamálanefnd, hefur umgengist heiðurslaunin eftir persónulegum duttlungum og þar til mjög nýlega hundsáð ráðgjöf til þess skipaðrar ráðgjafanefndar sem komið var á að kröfu BÍL. Niðrstaðan er sú að mjög hallar á önnur kyn en karlkynið í undangengnum úthlutunum og þann hlut verður að rétta.

Félag Leikstjóra á Íslandi leggst því alfarið á móti niðurfellingu heiðurslaunanna.

F.h. FLÍ
Ólafur Egilsson
Formaður Félags leikstjóra á Íslandi
President of the Icelandic Association of Theatrical Directors
(e) leikstjorar@leikstjorar.is
(m) +3546954755